

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 15/2006**

**frá 27. janúar 2006**

**um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2005 frá 8. júlí 2005 <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/369/EB frá 3. maí 2005 um reglur um eftirlit með því að aðildarríki fari að ákvæðum og um gagnasnið að því er varðar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 32fb (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/249/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„32fc. **32005 D 0369**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/369/EB frá 3. maí 2005 um reglur um eftirlit með því að aðildarríki fari að ákvæðum og um gagnasnið að því er varðar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (Stjtið. ESB L 119, 11.5.2005, bls. 13).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2005/369/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. janúar 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 306, 24.11.2005, bls. 45, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 60, 24.11.2005, bls. 28.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 119, 11.5.2005, bls. 13.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 27. janúar 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***R. Wright***

formaður.